

## Almennt um lyf

### Hvað eru lyf?

Lyf eru efni sem notuð eru til að fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma, draga úr einkennum eða hafa áhrif á starfsemi líkamans.

Lyf innihalda virkt efni í nákvæmlega skilgreindu magni og eru skráð hjá Lyfjastofnun sem hefur eftirlit með gæðum þeirra og upplýsingum um verkun, aukaverkanir og notkun.

### Frumlyf - samheitalyf

Lyf hafa oft tvö nöfn – annars vegar vörumerki og hins vegar heiti virka efnisins. Til dæmis heitir lyfið Kaleorid en inniheldur efnið kalíumklóríð.

Þegar lyfjafyrirtæki þróar nýtt lyf fær það einkaleyfi sem veitir tímabundna einokun á framleiðslu. Þegar einkaleyfið rennur út geta önnur fyrirtæki framleitt lyf með sama virka efni. Slík lyf kallast samheitalyf. Þau eru oft ódýrari, en jafngild frumlyfinu að verkun og skammti.

### Lyfseðilsskyld lyf - lausasölulyf

Lyf eru seld í apótekum og skiptast í lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf.

- Lyfseðilsskyld lyf fást aðeins með ávísun frá lækni, og upplýsingar um slík lyf eru skráðar í lyfjagagnagrunn embætti landlæknis.
- Lausasölulyf má kaupa án lyfseðils. Þau koma í umbúðum frá framleiðanda með leiðbeiningum og fylgiseðli.

### Mismunandi lyfjaform

Lyf eru til í ýmsum formum og gefin á mismunandi hátt. Algengast er inntaka um munn, t.d. töflur, hylki, mixtúrur og dropar. Einnig eru lyf til notkunar á húð (krem, áburður, smyrslí), til innspýtingar (í æð, vöðva eða undir húð) og til innöndunar (úðar í lungu).

### Aukaverkanir

Aukaverkanir eru áhrif sem lyf hafa umfram þá verkun sem læknar sjúkdóm eða slær á einkenni hans. Öll lyf geta valdið aukaverkunum og byggist lyfjameðferð á því að ávinningur sé meiri en áhætta.

Upplýsingar um aukaverkanir má finna í fylgiseðli sem fylgir lyfjum og er einnig aðgengilegur á [serlyfjaskra.is](http://serlyfjaskra.is).

Við einkenni sem gætu bent til aukaverkunar er hægt að leita upplýsinga í apóteki eða á netspjalli Heilsuveru.

Dæmi um einkenni sem geta bent til aukaverkana:

- Svimi, óstöðugleiki, byltuhætta
- Þreyta, svefntruflanir, martraðir
- Kviðverkir, ógleði, niðurgangur, hægðatregða
- Höfuðverkur, munnþurrkur
- Breytingar á skapi eða minni (kvíði, pirringur, depurð)
- Útbrot, kláði

## Milliverkanir

Milliverkanir verða þegar tvö eða fleiri lyf hafa áhrif hvert á annað. Þær geta breytt virkni lyfja, dregið úr verkun eða aukið hættu á aukaverkunum og eituráhrifum.

## Regluleg lyfjanotkun

Til að lyfjameðferð skili árangri þarf að taka lyfin rétt og samkvæmt leiðbeiningum. Á lyfjaumbúðum má finna fyrirmæli frá lækni um skammtastærð og tíðni.

Með öllum lyfjum fylgir fylgiseðill sem mikilvægt er að lesa áður en meðferð hefst. Þar má finna upplýsingar um notkun lyfsins, aukaverkanir, geymslu og hvenær ekki ætti að taka lyfið. Fylgiseðlar eru einnig aðgengilegir á [serlyfjaskra.is](http://serlyfjaskra.is).

Ef einstaklingur hefur áhyggjur af lyfjatöku eða hefur spurningar er hægt að fá aðstoð í apóteki eða í netspjalli Heilsuveru.

Lyf eru ætluð þeim sem þau eru ávísuð á og ekki ætti að lána þau öðrum.

## Fjölyfjameðferð

Fjölyfjameðferð á við þegar einstaklingur notar mörg lyf samtímis þar á meðal lyfseðilsskyld lyf, lausasölulyf, vítamín og bætiefni.

Regluleg lyfjarýni getur hjálpað til við að tryggja öryggi og gagnsemi meðferðar. Við slíka rýni fer læknir eða lyfjafræðingur yfir öll lyf sem einstaklingur notar og metur hvort breytingar séu nauðsynlegar.

## Lyfjanotkun á efri árum

Með hækkandi aldri breytist starfsemi líkamans, t.d. hægist á niðurbroti og útskilnaði lyfja. Þetta getur leitt til þess að lyf haldist lengur í líkamanum og aukið líkur á aukaverkunum.

Eldra fólk þarf oft minni skammta af lyfjum en yngra fólk. Því er mikilvægt að endurmeta lyfjameðferð reglulega sérstaklega ef breyting verður á heilsufari eða önnur lyf bætast við.

## Geymsla og förgun lyfja

Lyf geta verið lífsnauðsynleg þeim sem þau eru ætluð en hættuleg öðrum – sérstaklega börnum. Mikilvægt er að geyma lyf á öruggum stað þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ónotuðum eða útrunnum lyfjum skal skila í apótek. Á vef Lyfjastofnunar má finna nánari upplýsingar um lyfjaskil og örugga förgun.